

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Kjósarhreppi.

*Hvammur og Hvammsvík.*

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti þann 6. janúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur.

Breytingasvæðið nær yfir um 2,8 ha svæði í landi Hvammsvíkur í Hvalfirði. Fyrirhugað er að byggja heitar sjóbaðslaugar og tilheyrandi aðstöðu fyrir gesti baðanna, svo sem búningsaðstöðu fyrir allt að 70 manns, veitingasölu og bílastæði fyrir um 50 bíla og 2-3 hópferðabíla.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 10. febrúar 2021.*

**Sigurður H. Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. febrúar 2021